



## Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom - 5. apríl 2022 kl. 18:00

**Mætt:** Aðalsteinn Símonarson (AS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Sigurjón Andersen (SA) kom um 18.30,

**Fjarverandi:** Sigfús B Sverrisson (SBS), Halldór Jóhannsson (HJ), Jóhann Egilsson (JE),

AS ritaði fundargerð.

---

### 1. Umgjörð keppnisnúmer

Fyrri stjórn ákvað á fundi 15. mars s.l. að beina til nýrrar stjórnar að skilgreina fyrirkomulag og gjaldtöku við úthlutun keppnisnúmera.

Fram voru lögð til skoðunar drög að reglugerð sem unnin voru árið 2019 en tóku ekki gildi.

Ákveðið að fela keppnisráðum í hverri grein að setja reglur um keppnisnúmer og halda utanum úthlutun þeirra. Skrifstofa AKÍS muni síðan safna saman upplýsingum um númeraúthlutanir í öllum greinum og birta á vefsíðu sinni.

### 2. Gjaldskrá AKÍS

Formaður leggur til að gjald fyrir sérvalið keppnisnúmer verði fellt út. Tillagan samþykkt samhljóða.

### 3. Keppnisráð

Mjög lítið berst af upplýsingum frá keppnisráðum og fæst skila fundargerðum.

HKS leggur til að fundað verði með formönnum keppnisráða á næstunni.

Ákveðið að skrifstofa sendi tölvupóst á öll keppnisráðin og óski eftir upplýsingum um hvernig gangi og fylgt verði eftir með símtali ef ekki koma viðbrögð

### 4. Öryggisráð

Stjórn þarf að skipa í öryggisráð. Búið er að senda út auglýsingu vegna málsins og hafa samband við þá sem sitja í ráðinu nú þegar. AS hefur beðist undan formennsku í ráðinu og Erla Sigríður hefur sagt sig úr því.

Ákveðið að HKS leiti eftir formanni og fleiri aðilum í ráðið og muni leita eftir samþykki stjórnar með tölvupósti um skipan í ráðið.

### 5. Regluráð

Stjórn þarf að skipa fulltrúa í regluráðs til þriggja ára.

Ákveðið að skipa Aðalstein Símonarson.



## 6. Önnur mál

- a) **Woman in Motorsport** - Tölvupóstur kom frá Hönnu Rún Ragnarsdóttur þar sem óskað er eftir fjármagni til að efla konur í akstursíþróttum. Ákveðið að stjórn búi til ramma utanum málefnið og standi við bakið á Hönnu og öðrum sem áhuga hafa á að vinna því brautargengi. Einnig ákveðið að draga fulltrúa AKÍS út úr WIM ráði FIA.
- b) **Öryggisbúraskoðun** - Illa gengur að fá aðila til að skoða og staðfesta öryggisbúr í ökutækjum. Kallað var eftir því að að fleiri kæmu að þessum skoðunum og því velt upp hvort greiða þurfi fyrir þessa vinnu.  
Ákveðið að auglýsa eftir aðilum og greiða e.t.v. fyrir vinnuna ef þarf.
- c) **Formenn dómnefnda** - Búið er að fá aðila til að taka að sér formennsku í öllum keppnum í öllum greinum nema einni.
- d) **Vesti fyrir formenn dómnefnda** - Ákveðið að HKS fái tiboð í merkt vesti og leggi niðurstöðu fyrir stjórn.
- e) **Starf framkvæmdastjóra** - Auglýsing hefur verið birt á vef sambandsins og einnig á Alfred. Ákveðið að senda póst á aðildarfélög og hvetja þau til að benda fólki á áhugavert starf.

Næsti fundur 19. apríl kl 18:00 Zoom

Fundi slitið kl. 19.13